

Fundur skólaráðs Hofsstaðaskóla miðvikudaginn 7. 12. 2011 kl. 14.45

Fundinn sátu: Guðrún Lóa og Jón Gunnar fulltrúar nemenda, Margrét Harðardóttir skólastjóri, Ásta Kristjánsdóttir og Ölrún Marðardóttir, fulltrúar kennara, Rósa Lára Guðlaugsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Sigrún Snædal Logadóttir, Anna Linda Bjarnadóttir og Guðrún Birna Finnsdóttir fulltrúar foreldra. Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri og Krístrún Sigurðardóttir deildarstjóri.

1. **Samræmd próf haustið 2011.** Krístrún gerði grein fyrir helstu niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði. Skólinn kom mjög vel út í báðum greinum. Hún fjallaði einnig um námsframvindu frá 4. til 7. bekkjar og samanburð á kynjunum. Drengir koma ekki síður vel út en stúlkur og betur í stærðfræði. Foreldrar óskuðu skólanum til hamingju með árangurinn.
2. **Ný reglugerð.** Skólastjóri kynnti nýja reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólanum. Reglugerðinni er fagnað vegna þess að hún tekur á ýmsum þáttum sem hefur þurft að skerpa á. Fjallað verður um reglugerðina á starfsmannafundi í janúar og skólareglur endurskoðaðar í framhaldi af þeim fundi. Skoða þarf fjölbreyttar leiðir til þess að kynna reglugerðina fyrir foreldrum og nemendum. T.d bregða út af venjunni og senda bréf með útdrætti í „töskupósti“ heim með nemendum. Almennt eru fá agamál í skólanum og alls ekki alvarleg. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með hversu veggjakrot hefur minnkað.
3. **Fjárhagsáætlun.** Skólastjóri kynnti helstu forsendur varðandi gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og stærstu verkefni sem eru fyrirhuguð. Mikil ánægja er með að búið er að gera lagfæringar á raflögn á göngum skólans þannig að nú er hægt að hafa kveikt á salernum þótt slökkt sé á göngum. Nemendur fóru með þetta erindi á fund bæjarstjóra í byrjun nóvember og brugðist var fljótt og vel við.
4. **Mat á skólastarfi.** Garðabæ og Hofsstaðaskóla er boðið að taka þátt í tilraunaverkefni um ytra mat á skólastarfi. Notast verður við fyrirmynd frá Reykjavík og mun matið fara fram frá janúar til júní 2012.
5. **Önnur mál.** Fulltrúi nemenda lýsti ánægju sinni með góðar móttökur sem nýr nemandi í bekknum hans fékk við komuna í skólann. Nemendur viku af fundi.
6. **Hagir og líðan nemenda.** Aðstoðarskólastjóri kynnti niðurstöður stórrar könnunar sem lögð var fyrir sl. haust í 5. – 7. bekk. Skólinn hefur fengið skýrslu með niðurstöðum fyrir skólann en heildarniðurstöður hafa verið kynntar á stórum fundi hér í bænum. Niðurstöður eru nokkuð góðar en einn hópur nemenda sker sig úr í mörgum þáttum er varða líðan og viðhorf til náms. Búið er að vinna mikið með þennan hóp og hefur námsráðgjafi komið inn í þá vinnu ásamt umsjónarkennurum. Niðurstöður úr *Skólaláupsinum* gefa til kynna að nemendum líði betur nú í haust en var sl. vor. Áfram verður unnið með þessa nemendur og brýnt að fá foreldra í lið með skólanum við að mynda góð tengsl sín á milli og þetta netið að baki börnunum sínum.

Fundi slitið kl. 16:10.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir